

**139** Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 30. júlí 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 77 25. apríl 1950, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 82 10. apríl 1950.

*Samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1957.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Brynj. Ingólfsson.*

**140**

19. ágúst

## AUGLÝSING

### um merkingu á kjöti af fullorðnu sauðfé.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 5, um kjötmat og fleira, frá 22. febr. 1949, ásamt 71. gr. reglugerðar nr. 155 um kjötmat og fleira, frá 8. sept. 1949, heimilast útflytjendum að merkja kjöt af fullorðnu sauðfé fyrir brezkan markað, sem hér segir:

#### Veturgamalt. 1. gæðaflokkur:

Flokkur L 18 kg og undir merkist .....	LH
— M 18.5—22 kg merkist .....	MH
— H 22.5—25.5 — — .....	HH

#### Sauðir. 1. gæðaflokkur:

Flokkur 1 22 kg og undir merkist .....	1W
— 7 22.5—25.5 kg merkist .....	7W
— 3 26 —29 — — .....	3W
— 9 29.5—32.5 — — .....	9W
— 5 33 —36.5 — — .....	5W

#### Sauðir. 2. gæðaflokkur:

Flokkur 1 22 kg og undir merkist .....	1WX
— 7 22.5—25.5 kg merkist .....	7WX
— 3 26 —29 — — .....	3WX
— 9 29.5—32.5 — — .....	9WX
— 5 33 —36.5 — — .....	5WX

#### Ær.

Flokkur 1 22 kg og undir merkist .....	1E
— 7 22.5—25.5 kg merkist .....	7E
— 3 26 —29 — — .....	3E
— 9 29.5—32.5 — — .....	9E
— 5 33 —36.5 — — .....	5E

Nýrnamör á að skilja eftir í skrokknum. Skera á fram úr bringunni eins og á dilkaskrokkum. Á kjötpoka skal prenta ICELAND MUTTON. Á þá skal enn fremur stimpla kjötflokkunarmerki (LH, MH, HH etc.) og sömuleiðis á kjötmerkimiðana. Skrokkana má ekki kljúfa.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. ágúst 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Árni G. Eylands.*